

Í Reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu segir í lið 1.b. *börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi*. Vegna aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar Covid-19 faraldurs var í borgarráði samþykkt tillaga um að veita tilslökun á þessari reglu á sumarleyfistímabilinu 15.5.2020 til 15.09.2020 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Tillagan hljómar svo:

Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna, í leikskólum Reykjavíkurborgar, sem vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna Covid-19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfisdaga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.

Skilyrði fyrir fækkun sumarleyfisdaga verði eftirfarandi:

- Foreldrar/forsjáraðilar sækja um fækkun sumarleyfisdaga. Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.
- Hvert barn þarf að lágmarki að fá 10 samfellda sumarleyfisdaga á sumarorlofstíma heimaleikskóla.
- Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um 5-10 daga tilslökun á sumarleyfi barna í samræmi við töku orlofs þeirra á tímabilinu 16. mars til 30. apríl 2020.
- Við afgreiðslu umsókna verði horft til samanlagðrar orlofsstöðu foreldra/forsjáraðila barns og upplýsinga leikskóla um skerðingu á þjónustu. Ef foreldri fer eitt með forsjá á framangreint eingöngu við um forsjárforeldri.
- Sé umsókn samþykkt fær barnið dvöl í opnum hverfisleikskóla á þeim tíma sem heimaleikskóli barns lokar. Dvöl í opna leikskólanum þarf að lágmarki að vera 5 samfelldir dagar.
- Greiða þarf aukalega, samkvæmt gjaldskrá borgarinnar, fyrir þann tíma sem barn er í opnum hverfisleikskóla.

Umsókn auk upplýsinga leikskóla um skerta þjónustu verða varðveittar í skjalavistunarkerfi skóla- og frístundasviðs og fara þaðan til varanlegrar vistunar í Borgarskjalasafn til samræmis við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Í sumar verða sex leikskólar opnir þ.e. einn í hverjum borgarhluta. Þetta eru leikskólarnir:

- Bakkaborg fyrir Breiðholt,
- Bjartahlíð fyrir Miðborg/Hlíðar,
- Rofaborg fyrir Árbæ/Grafarholt,
- Lyngheimar fyrir Grafarvog/Kjalarnes,
- Vinagerði fyrir Laugardal/Háleiti,
- Drafnarsteinn fyrir Vesturbæ.

Foreldrar sem uppfylla skilyrði um fækkun á sumarleyfisdögum geta sótt um dvöl í opnum leikskóla í viðkomandi borgarhluta.

Nafn foreldris/forsjáraðila 1	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer
Nafn foreldris/forsjáraðila 2	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer
Nafn barns	Kennitala
Leikskóli	Opinn hverfisleikskóli

Sótt er um \_\_\_\_\_ daga fækkun sumarleyfisdaga

Fjöldi daga sem foreldri/forsjáraðili 1 hefur tekið vegna skerðingar á þjónustu leikskóla á tímabilinu 16.3. til 30.4. eru \_\_\_\_\_ dagar. Orlofsstaða foreldris/forsjáraðila 1 fyrir sumarið 2020 er \_\_\_\_\_ dagar.

Fjöldi daga sem foreldri/forsjáraðila 2 hefur tekið vegna skerðingar á þjónustu leikskóla á tímabilinu 16.3. til 30.4. eru \_\_\_\_\_ dagar. Orlofsstaða foreldris/forsjáraðila 2 fyrir sumarið 2020 er \_\_\_\_\_ dagar

Sótt er um í opnum hverfisleikskóla frá og með \_\_\_\_\_ til og með \_\_\_\_\_

Barnið mun taka sumarleyfi frá og með \_\_\_\_\_ til og með \_\_\_\_\_, samtals \_\_\_\_\_ daga.

Með því að senda umsóknina og haka í meðfylgjandi reit staðfesti ég að ég hef fengið afhentar upplýsingar um skilyrði fyrir fækkun sumarleyfisdaga.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020 og skal sendast á netfangið [umsokn.styttingsumarleyfis@reykjavik.is](mailto:umsokn.styttingsumarleyfis@reykjavik.is)

Vinsamlegast setið nafn heimaleikskóla og barns í efnislínu þegar umsókn er send inn.